

# Grísir á nærbuxunum

## Pigs in pants

### Innihald

4 gríaspjöld, 40 nærbuxnapjöld (4 x 10 mismunandi nærbuxur)

### Undirbúningur

- Hver leikmaður velur sér gríaspjald og leggur það fyrir framan sig (ofan á það leggur hann svo nærbuxnaspjöldin sem hann safnar í spilinu).
- Hver leikmaður fær tvö spjöld til að hafa á hendi.
- Fjórum nærbuxnaspjöldum er raðað í röð á miðju borðsins, þannig að þau snúi upp, og restin af spjöldunum sett í bunka við hliðina.

### Markmið

Að safna sem flestum spjöldum ofan á gríaspjaldið sitt með því að finna samstæður milli spjaldanna sem maður er með á hendi og annarra spjalda.

### Gangur spilsins

Yngsti leikmaðurinn byrjar og skoðar spjöldin sem hann er með á hendi til að sjá hvort hann finnur eins spjöld einhvers staðar.

- Ef leikmaður finnur spjöld á borðinu eða ofan á gríaspjaldi annars leikmanns sem eru eins og annað eða bæði spjöldin sem hann er með á hendi, má hann taka þau og leggja þau ofan á sitt gríaspjald ásamt samstæða spjaldinu/spjöldunum af hendi. Ef hann tekur spjöld af gríaspjaldi annars leikmanns má hann taka allan bunkann sem þar er og hrópa: „Þú átt engar brækur!“ eða „Ég stal brókinni þinni!“.
- Ef leikmaðurinn á tvö eins spjöld á hendi eða ef annað eða bæði spjöldin hans eru eins og efsta spjaldið í bunkanum á gríaspjaldinu hans má hann bæta samstæðu spjöldunum ofan á bunkann sinn.
- Ef leikmaður finnur engin spjöld í röðinni á borðinu sem passa við spjöldin sem hann er með á hendi kallar hann: „Engar brækur!“ og leggur annað af spjöldunum sínum niður í röðina.

Þegar leikmaður hefur lokið við að gera dregur hann spjöld úr bunkanum á hvolfi uns hann er aftur með tvö spjöld á hendi.

Þá á næsti maður leik.

Spilið er búið þegar enginn getur fundið fleiri samstæð spil.

### Sigurvegarinn

Sá sigrar sem safnað hefur flestum nærbuxum á gríaspjaldið sitt þegar spilinu lýkur.

### Aðrar reglur

Í þessari útgáfu, sem krefst meiri kænsku, mega leikmenn aðeins leggja niður eitt spjald af hendi í hverri umferð nema þeir séu með tvö eins spjöld á hendi. Því verður leikmaðurinn að velja hvoru spjaldinu sé betra að spila út hverju sinni.